

## Niðurstöður aðalfundar Haga hf. 1. júní 2023

Meðfylgjandi má sjá niðurstöður aðalfundar Haga hf. sem haldinn var á Hilton Reykjavík Nordica þann 1. júní 2023. Fundurinn hófst kl. 15:00. Tillögur fundarins voru samþykktar svohljóðandi:

### 1) Ársreikningur (dagskrárliður 2)

Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, var lagður fram og samþykktur samhljóða.

### 2) Ráðstöfun hagnaðar (dagskrárliður 3)

Tillaga stjórnar Haga hf. um greiðslu arðs sem nemur 50,0% hagnaðar ársins, eða 2,24 krónur á hlut útistandandi hlutafjár, samtals 2.475 milljónir króna, var samþykkt samhljóða. Arðsréttindadagur verður 5. júní 2023, arðleysisdagur 2. júní 2023 og arðgreiðsludagur 13. júní 2023.

### 3) Tillaga um lækkun hlutafjár og breytingar á samþykktum (dagskrárliður 4)

Tillaga stjórnar Haga hf. um lækkun hlutafjár til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði kr. 26.247.219 var samþykkt samhljóða. Felur það í sér breytingu á grein 2.1 í samþykktum félagsins þar sem hlutafé félagsins verður lækkað úr kr. 1.132.676.082 að nafnverði í kr. 1.106.428.863 að nafnverði. Þá var einnig samþykkt tillaga stjórnar um breytingu á 2. lið í grein 3.18 í samþykktum félagsins, þar sem fram kemur nú að bæði ársreikningur og samstæðureikningur félagsins verði lagðir fram til samþykktar.

### 4) Þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda (dagskrárliður 5)

Tillaga stjórnar Haga hf. um 5% hækkun stjórnarlauna var samþykkt, þ.e. stjórnarformaður fær greitt kr. 772.000,- á mánuði, varaformaður kr. 568.000,- á mánuði og stjórnarmenn kr. 386.000,- á mánuði. Samþykkt var að laun í undirnefndum stjórnar verði óbreytt, eða kr. 90.000,- á mánuði og að laun formanns verði tvöföld upphæð. Þá var samþykkt að nefndarmönnum tilnefningarnefndar verði greitt skv. reikningi 25 þús. kr. pr./klst.

### 5) Starfskjarastefna (dagskrárliður 6)

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar að óbreyttri starfskjarastefnu félagsins, ásamt skýrslu starfskjaranefndar fyrir nýliðið starfsár. Var tillaga stjórnar samþykkt.

### 6) Breyting á starfsreglum tilnefningarnefndar (dagskrárliður 7)

Tillaga stjórnar að breytingu á grein 2.3 og 2.4 í starfsreglum tilnefningarnefndar var samþykkt.

## 7) Kosning tilnefningarnefndar (dagskrárliður 8)

Samþykkt var samhljóða tillaga stjórnar Haga að þrír eftirtaldir fulltrúar verðir kjörnir í tilnefningarnefnd félagsins.

- Björg Sigurðardóttir, endurskoðandi
- Björn Ágúst Björnsson, verkfræðingur
- Kristjana Milla Snorradóttir, mannauðsstjóri

## 8) Kosning stjórnar og endurskoðanda (dagskrárliður 9)

Eftirtaldir aðilar voru kosnir í stjórn félagsins til næsta aðalfundar:

- Davíð Harðarson, f. 1976
- Eiríkur S. Jóhannsson, f. 1968
- Eva Bryndís Helgadóttir, f. 1972
- Jensína Kristín Böðvarsdóttir, f. 1969
- Sigríður Olgeirsdóttir, f. 1960

Fimm voru í framboði til stjórnar félagsins og var því sjálfkjörið. Allir frambjóðendur skipuðu áður stjórn félagsins.

Samþykkt var samhljóða að endurskoðunarskrifstofan PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurskoðandi félagsins fyrir komandi rekstrarár.

## 9) Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum (dagskrárliður 10)

Fyrir aðalfundi lá tillaga frá stjórn Haga hf. um að félaginu verði heimilt að kaupa á næstu 18 mánuðum allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga eða vegna endurkaupaáætlana eða verðjöfnunar í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 596/2014, um markaðssvik, sbr. lög um aðgerðir gegn markaðssvikum. Tillagan var samþykkt samhljóða.